

Tekjum fjallskilasjóðs má hreppsnefnd aðeins verja til þeirra hluta, er heyra undir framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar.

Sjóðurinn er í ábyrgð hreppsnefndar, sem gerir reikning hans árlega og lætur fylgja sveitarreikningum.

X. KAFLI

Almenn ákvæði.

47. gr.

Skylt er sláturleyfishöfum að láta fara fram markaskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar.

48. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað frekar en minnst verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða við smölun heimalanda.

Brot gegn þessu varðar skaðabótum og hegningu að lögum.

49. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi hreppsnefnda út af fjallskilamálum, nema það sem lög ákveða að falla skuli undir ítölunefnd. Sömu leiðis heyra undir hana allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum varðandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, kr. 5 000.00—50 000.00 og renna þær í fjallskilasjóð.

51. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

52. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961, og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, til þess að öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Rangárvallasýslu frá 6. júní 1943, um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð óskilafjár, grenjaleitar og refaveiðar, svo og breyting á henni frá 7. október 1968.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júlí 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Kópavogs.

1. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Kópavogs er fyrst um sinn í eftirtöldum greinum:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglunga á skólaaldri).

4. Tannvernd í skólum.
5. Íþróttaeftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Áfengisvarnir.
8. Geðvernd.
9. Almennar sjúkdómsvarnir (í samráði við héraðslækni og aðra embættismenn skv. lögum).

2. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar skipuleggur frekari starfsemi stöðvarinnar og ákveður framkvæmdir á sérhverjum lið 1. gr. eftir ástæðum og í samráði við stjórn bæjarins.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar er skipuð 7 mönnum. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar og 4 meðstjórnendur, 1 er tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu og 1 af Sjúkrasamlagi Kópavogs. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár. Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar og skulu fundargerðir stjórnarinnar lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til staðfestingar.

4. gr.

Ráða má yfirhjúkrunarkonu að stöðinni, sem stjórn daglegum rekstri, enda vinni hún auk þess dagleg störf við ákveðna deild eða deildir stöðvarinnar. Æskilegt er, að hún sé lærð heilsuverndarhjúkrunarkona.

5. gr.

Heilsuverndarstöð skal hafa aðskilið reikningsbókhald. Um skiptingu kostnaðar og annað, sem við kemur rekstri Heilsuverndarstöðvarinnar fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44/1955.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44/1955 sbr. 4. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júlí 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefur verið ákveðið, að einstefnuakstur verði á eftirtöldum götum sem hér segir:

1. Á Bjargarstíg til vesturs frá Óðinsgötu að Grundarstíg.
2. Á Skálholtsstíg til vesturs frá Grundarstíg að Frikirkjuvegi.
3. Á Nýlendugötu til austurs frá Bakkastíg að Ægisgötu og til vesturs frá Bakkastíg að Seljavegi.